

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 3. maí 2004 staðfest samkomulag, dags. 29. mars 2004, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Samkvæmt samkomulaginu verður land í eigu Hveragerðisbæjar í óskiptu landi Reykja-
torfu, sem nú er innan Sveitarfélagsins Ölfuss, framvegis innan stjórnsýslumarka Hveragerð-
isbæjar. Um er að ræða 77,4 ha landspildu og er hnitasetning landsins með eftirfarandi hætti,
samkvæmt hnitakerfi ISN93, eins og nánar er sýnt á uppdraetti:

Nafn	A-hnit	N-hnit
L01	393728.7	389144.5
L02	393814.0	389331.7
L03	394015.2	389434.5
L04	394013.8	389443.6
L05	394257.2	389450.2
L06	394537.6	389584.3
L07	394859.8	389343.5
L08	394822.1	389077.1
L09	394621.1	388149.7
L10	394410.6	388557.8
L11	394151.0	388844.2

Milli L01 og L02 ræður miðlína Varmár. Lína frá L09, L10, L11 að L01 er 20 metra
frá miðlínu Suðurlandsvegar.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. maí 2004.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um starfsemi rannsóknastofa sem stunda greiningu á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til.

1. gr.

Rannsóknastofur, sem taka sýni til greiningar á sjúkdómum og sjúkdómsvöldum sem
sóttvarnalög nr. 19/1997 taka til, skulu hafa starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,

sem gefin eru út að fenginni umsögn landlæknis. Þetta tekur til rannsóknastofa sem taka sýni til ræktunar og annarrar greiningar á skráningar- og tilkynningaskyldum sjúkdómum í mönn-um og rannsóknastofa sem gera blóðvatnspróf í þessum tilgangi.

2. gr.

Skilyrði fyrir slíku starfsleyfi er að rannsóknastofa hafi öðlast faggildingu á rannsókn-um sbr. 1. gr. Ráðherra er heimilt að veita rannsóknastofu tímabundið starfsleyfi á meðan beðið er eftir faggildingu enda hafi rannsóknastofan lagt fram áætlun um að öðlast hana. Ráðherra er heimilt að veita rannsóknastofu takmarkað og tímabundið starfsleyfi, til að framkvæma tilteknar rannsóknir, sbr. 1. gr., enda sýni rannsóknastofan fram á að viðhaft sé virkt gæðaeftirlit. Ráðherra getur kveðið á um í starfsleyfi að rannsóknastofa sé tilvísunarrannsóknastofa (reference laboratory).

3. gr.

Nándarrannsóknir (point of care testing) til greiningar á sjúkdómum sem sóttvarnalög taka til, skulu gerðar undir eftirliti og á ábyrgð rannsóknastofu með starfsleyfi. Að fenginni umsögn landlæknis getur ráðherra heimilað notkun skyndigreiningarprófa til greiningar á sjúkdómum, sem sóttvarnalög taka til.

4. gr.

Landlæknir hefur eftirlit með því að rannsóknastofa uppfylli skilyrði starfsleyfis sbr. 1. og 2. gr.

Landlækni er heimilt að hafa sér til ráðgjafar varðandi eftirlit og umsagnir um starfsleyfi nefnd þriggja sérfróðra manna um rekstur rannsóknastofa sem hann skipar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 9. gr. og 18. gr. laga nr. 19/1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. maí 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

29. apríl 2004

Nr. 416

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna nr. 118/1996, sbr. breytingu með reglugerð nr. 207/1998.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Atvinnuskírteini til skipstjórnar á skipum stærri en 30 rúmlestir skulu endurnýjuð til 5 ára í senn, ef umsækjandi uppfyllir skilyrði 1. gr. til að öðlast slíkt skírteini.

Jafnframt skal umsækjandi sýna fram á siglingatíma að minnsta kosti í 1 ár á síðastliðnum 5 árum eða að hafa innt af hendi störf sem teljast sambærileg að mati Siglingastofnunar Íslands eða hafa staðist viðurkennt próf eða lokið með fullnægjandi hætti viðurkenndu námskeiði eða hafa lokið viðurkenndum siglingatíma þar sem sinnt var starfi í lægri stöðu en upprunalegt skírteini segir til um, eigi skemur en í 3 mánuði.